

Til foreldra í leikskóladeild.

Kæru foreldrar, hér í viðhengi er viðbragðsáætlun okkar vegna áhrifa Covid 19 á starfið í leikskóladeild. Starfsfólk skólans hefur um helgina og í dag unnið hörðum höndum að því að aðlaga verkferla og skipulag að nýjum tímabundnum veruleika okkar allra og við biðjum ykkur um að setja ykkur fljótt og vel inn í nýtt skipulag og hjálpa okkur að takast á við hlutina af jákvæðni. Ákvarðanir okkar byggja á tilmælum Almannavarnarnefndar og ráðleggingum sóttvarnarlæknis en við tökum einnig mið af aðstöðu okkar og mönnun hverju sinni. Hér komum við fram með nýtt skipulag/áætlun sem auðveldlega getur þó raskast ef útbreiðsla veikinda verður almenn eða ef það verður mannekla. Okkur öllum til hvatningar bið ég ykkur um að kynna ykkur yfirlýsinguna sem er hér á eftirfarandi tengli, hún á við hér sem og annars staðar á landinu.

<https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2020/sameiginleg-yfirlýsing-vegna-ahrifa-covid-19-a-skolastarf/>

Fyrstu ráðstafanir eru eftirfarandi, en nánar um ráðstafanir skólans í heild má lesa í viðhengi sem fylgir þessum pósti. Þar má fm.a. finna upplýsingar um breytingar á starfi í grunnskóladeild og félagsstarfi og starfinu í listadeild. Ensk útgáfa kemur seinna í dag eða í fyrramálið.

Við vekjum sérstaka athygli ykkar á eftirfarandi

- Á leikskóladeildinni biðlum við til foreldra að hafa nemendur í fríi eða stytta vistunartímamann í leikskóladeild eins og hægt er.
- Við biðjum ykkur um að sjá til þess að börnin séu búin að þvo hendur áður en þau koma í skólann.
- Móttaka barna er í fataklefa: foreldrar mega ekki fara inn á deildir eða ganginn fyrir framan deildir. Starfsmaður Dvergasteins fylgir börnunum inn á deild. Foreldrar á Vinaminni fari að hurðinni sem er við hurðina út í garð. Álfhólsforeldrar banka á dyrnar á Álfhól.
- Móttaka barna á Dvergasteini er í fataklefa milli klukkan 8-9, þá er starfsmaður þar til aðstoðar og til að fylgja börnunum inn. Öll börn á Dvergasteini þurfa að vera komin á þessu tímabili milli klukkan 8 og 9.
- Ef það eru margir einstaklingar til staðar í fataklefanum þurfið þið mögulega að bíða og sýna tillitssemi. Við reynum öll að hafa góða fjarlægð á milli okkar í fataklefanum.
- Áriðandi er að foreldrar láti vita fyrir klukkan 8:30 hvort nemandi mætir í leikskólann eða ef hann er í fríi þann daginn. Við minnum á Mentor í því sambandi.

- Dvergasteinn skilar nemendum úti á lóð í lok dags, foreldrar komi inn í garð til að sækja börnin bakatil, við ætlum að reyna að moka á morgun.
- Enn hópur (6 börn) þarf að vera heima á Álfhól og Vinaminni til skiptis næstu daga vegna takmarkana á hópastærðum og aðstöðu okkar. Deildarstjóri hefur samband við foreldra vegna þess á eftir.
- Foreldrar sem fara í sóttkví hafi börnin heima.
- Nemendur sem eru slappir eða kvefaðir eiga að vera heima til að við séum öll sem best í stakk búin til að takast á við önnur veikindi.
- Ef nemendur eða fjölskyldumeðlimur smitast af COVID 19 veirunni er mikilvægt að láta skólann (aðstoðarskólastjóra) vita.
- Aðstoðarskólastjóri og/eða deildarstjórar munu gefa nánari upplýsingar um breytingar að starfinu á næstu dögum.

Með kærri kveðju

Fyrir hönd stjórnenda og alls starfsfólks

16.mars 2020

Svandís Egilsdóttir

Skólastjóri